

**Fundargerð 129. fundar Fræðslusjóðs**  
**priðjudaginn 28. nóvember 2023 kl. 13:00-14:30**  
**Haldin í fjarfundi.**

**Mætt:** Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Heiðrún Björk Gísladóttir, Helga Kristín Kolbeins, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Hulda Birna Baldursdóttir, Karl Rúnar Þórsson, Margrét Sigurðardóttir.

**DAGSKRÁ**

**1. Fundargerð 128. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerð 128. fundar samþykkt og verður send fundarmönnum til rafrænnar undirritunar.

**2. Úthlutun Fræðslusjóðs 2024**

**Afgreiðsla:**

**Námsleiðir og ráðgjöf:** Lagðar voru fram tvær tillögur, A og B, um úthlutun bæði til námsleiða og náms- og starfsráðgjafar og ákvað formaður að bera þær báðar upp til atkvæða. Fyrst voru atkvæði greidd með tillögu B og var hún samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur og einn sat hjá. Síðan voru greidd voru atkvæði með tillögu A g féllu atkvæði að jöfnu með henni.

Ekkert í skilmálum og úthlutunarreglum Fræðslusjóðs segir til um hvernig bregðast eigi við í þessari stöðu, en flutningsmenn tillögu B áréttuðu að um hana var meirihluti, tillaga A féll á jöfnu.

Formaður mun í framhaldinu ræða við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið um leiðsögn við úthlutunina og upplýsa stjórn þegar niðurstaða liggur fyrir.

**Raunfærnimat:** Tillagan samþykkt.

**3. Verðlisti Fræðslusjóðs 2024**

**Afgreiðsla:** Samþykkt að hækka verðlista Fræðslusjóðs 2024 frá því sem hann var 2023. FA falið að reikna út verðbreytinguna.

**4. Önnur mál**

Umræða varð um hversu fjölmennur erlendi hópurinn er sem nýtir sér leiðir framhaldsfræðslunnar, hvort hann sé almennt á vinnumarkaði, eða tilheyrir öðrum hópum og hvort hópurinn greiði almennt sjálfur sinn hluta kostnaðarins, eða hvort aðrir, t.d. VMST eða vinnuveitendur greiði þeirra hlut.